



## Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps  
mánudaginn 29. apríl 2013, kl. 10:00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson og Herdís Matthíasdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi boðaði forföll.

Fundargerð er rituð á tölvu og er ein blaðsíða.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

1. **1304040 – Starfsmannaaðstaða v. Hótel Flatey, sjóvarnir og Bókhlaða.**  
Erindi frá Þorsteini Bergssyni, Minjavernd dagsett 4. apríl 2013.

*Nefndin frestar málinu til næsta fundar og mun leita álits skipulags- og byggingafulltrúa á erindinu. Nefndin telur jákvætt að farið verði í umræður um Bókhlaðuna í Flatey í tíma. Samþykkt samhljóða.*

2. **1304028 – Krani á höfnina í Flatey**  
Erindi frá Óskari Eypórssyni og Birni Samúelssyni dagsett 5. apríl 2013.

*Nefndin getur ekki tekið afstöðu til erindisins, nokkur atriði í erindinu eru óljós, Nefndin óskar kostnaðaráætlunar vegna verkefnisins, ekki liggja fyrir gögn frá Siglingastofnun um burðarþol bryggjunnar. Samþykkt samhljóða.*

### Mál til kynningar:

3. **1304041 – Varðar skipulagsskilmála varðandi grunnskóla í deiliskipulagi.**  
Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 8. apríl 2013.

*Kynnt.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12:00**


